



Ferðapjónusta Laugar, lindir og böð - Námskrá -



Inngangur.....	1
Forsendur náms.....	2
Hugtök í námsmarkmiðum	3
Lokamarkmið	3
Skipulag náms.....	4
Námsþættir og lýsingar	5
Kynning.....	5
Saga og stefna fyrirtækisins	6
Vöru- og þjónustuframboð	7
Jarðfræði svæðisins.....	8
Meðhöndlun matvæla og hreinlæti	9
Ferðamenn í heimabyggðinni.....	10
Grunnnámskeið í skyndihjálpi.....	11
Skyndihjálpi og björgun úr vatni	12
Allsherjar leitaræfing	13
Meðhöndlun sára – þekking á innihaldi sjúkrakassa.....	14
Sálræn skyndihjálpi	15
Að veita afburða þjónustu	16
Listin að selja	17
Menningartengd ferðaþjónusta	18
Að taka á erfiðum viðskiptavinum	19
Samskipti og samvinna.....	20
Persónuleg markmiðasetning.....	21
Hópefli - samvinna og samkennd	22
Framkoma og ræðumennska	23
Mat á námi og námsleið.....	24
Mat til styttingar náms í framhaldsskóla.....	25

Nám þetta er hannað af Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum í samstarfi við Bláa lónið hf. Námskeiðið var fyrst haldið af Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum árið 2005.

Námið er 107 kennslustundir. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi námið til styttingar náms í framhaldsskóla til allt að 9 einingum. Meta má námið á móti allt að 9 einingum í vali, 9 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Tilgangur námsins er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni í vinnu. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efli sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námið er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldra en 20 ára og með stutta skólagöngu.

Námsskrá þessi er ætluð námsmönnum, leiðbeinendum og þeim sem vilja bjóða nám af þessu tagi. Námsskráin er einnig ætluð þeim sem vilja leggja mat á þýðingu námsins til starfs, áframhaldandi náms eða annars sem nám af þessu tagi kann að hafa þýðingu fyrir.

Námsskrá þessi er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði náms, gera nám gagnsærra og auðvelda styttingu á framhaldsskólanámi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur til þeirra sem heimild fá til að nota námsskrá þessa að þeir framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA þróar og viðurkennir. Einnig að framkvæmdaraðili framfylgi skilgreindum kennslufræðilegum kröfum sem þróaðar verða og viðurkenndar af FA.



Nám byggist á frammistöðu og ábyrgð einstaklings en einnig samvinnu og samábyrgð allra sem koma við sögu þess. Námsárangur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaklings. Námsárangur er einnig vitnisburður um aðstæður til náms og vitnisburður um árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda.

Til að stýra þessu námi þarf leiðtoga sem líta á sig sem leiðbeinendur og leiðsögumenn. Námsefni, framsetningu og framvindu náms verður að sníða eftir forsendum námsmanna. Aðbúnaður og aðstaða verður að hæfa fullorðnu fólki.

Námsmenn eru á misjöfnum aldri, með mislangan starfsaldur í ólíkum störfum. Reynsla þeirra er því afar misjöfn og misjafnt hve langt er um liðið frá því þeir voru síðast í skóla. Engar kröfur eru gerðar til lágmarksskólagöngu áður en nám hefst. Námsmenn gangast ekki undir formleg próf.

Leiðbeinandi þarf að hafa færni til að skilgreina þarfir, tilgang og markmið starfs síns með námsmönnum og skilgreina þá með tilliti til forþekkingar, markmiða og leiða. Hann þarf að geta ráðað niður námsefni með tilliti til markmiða, skipulags efnis og tímasetninga. Leiðbeiningar eiga að vera við hæfi fullorðinna námsmanna og í samræmi við kröfur sem gerðar eru til námsaðstöðu þeirra.

Leiðbeinandi verður að búa yfir samskiptafærni til að tengjast námsmönnum og vinna traust þeirra. Hann á að skapa vinsamlegt andrúmsloft og sýna hinum fullorðna námsmanni - reynslu hans og þekkingu - fulla virðingu. Enn fremur þarf leiðbeinandi að gera sér ljósar ástæður námsmanns til að taka þátt í náminu og markmiðum hans með því. Leiðbeinandi verður einnig að gera sér grein fyrir algengum hindrunum í námi fullorðinna (eins og t. d. kvíða og óryggi) og bregðast á viðeigandi hátt við þeim.

Leiðbeinanda ber að örva og hvetja námsmenn og leggja sig fram um að svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf. Hann verður að gera sér ljóst að eðlislægar forsendur til að læra eru mismunandi. Því er gerð krafa til þess að framsetning hans sé ekki einhæf eða vélræn heldur lagi sig að mismunandi færni þeirra með það fyrir augum að auðvelda þeim nám. Enn fremur þarf framsetning og viðfangsefni að hafa sem mesta skírskotun til veruleika og reynslu námsmanna.

Námsmenn eiga að fá tækifæri til að spreyta sig á margvíslegan hátt. Verkefnavinna, atvikakönnun, hlutverkaleikur, verklegar æfingar upp á eigin spýtur eða í hópi, rök-ræður, umræður og sjálfsmat eru dæmi um aðferðir sem leiðbeinandi getur beitt í því skyni að sem flestir finni námstækni og námshraða við hæfi sitt.

Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið, nota símataðferðir og gefa skýrslu um niðurstöður.

Framkvæmdaraðila ber að framfylgja gæðakerfi og kennslufræðilegum kröfum sem FA þróar og/eða viðurkennir.



Hugtök í námsmarkmiðum

Í námsmarkmiðum eru eftirfarandi hugtök notuð:

- kynnast í merkingunni komast í kynni við, vita af einhverju.
- þekkja í merkingunni bera kennsl á, átta sig á, hafa vitneskju um.
- auka færni sína í merkingunni að eflast, að taka framförum í viðkomandi námsgrein frá því að námsmaður hóf nám.
- vera fær um í merkingunni hafa á valdi sínu, geta eitthvað sem maður hefur lært, kunna að gera eitthvað, hafa lært vinnubrögð, gera sér grein fyrir einhverju, vita hvernig eitthvað er.



Lokamarkmið

Lokamarkmið námsins eru að námsmaður:

- hafi jákvæð viðhorf til áframhaldandi náms.
- þekki til sögu fyrirtækisins sem hann starfar hjá.
- þekki vöru- og þjónustuframboð fyrirtækisins.
- auki færni sína í sölumennsku, þjónustufærni og framkomu við ferðamenn.
- þekki helstu kennileiti og jarðfræði í grennd fyrirtækisins og auðlindanýtingu þess.
- verði færari í að vísa ferðamönnum til vegar í heimabyggðinni.
- auki og endurnýi þekkingu sína og færni til björgunar, allsherjarleitar og til að veita líkamlega og sálræna skyndihjálp.
- bæti sjálfstraust sitt og auki færni sína í samskiptum við aðra.
- sé fær um að tjá skoðanir sínar fyrir framan hóp annarra námsmanna.
- hafi mætt í a. m. k. 80% kennslustunda.

Formleg próf eru ekki lögð fyrir en mikil áhersla lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og framfarir hjá námsmönnum séu tryggðar. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið og nota símataðferðir.



Skipulag náms

Námið fer fram í samtals 107 kennslustundum. Hver kennslustund er 40 mínútur. Lesblindum á að liðsinna þegar erfiðleikar þeirra koma í ljós.

Æskilegt er að umsjónarmaður námsins sjái um kynningu námsskrár og dagskrár námsins og verði í augum námsmanna þungamiðja starfseminnar sem snýr að námi þeirra. Hann sér til þess að skörun námsþátta verði eins lítil og kostur er.

Heimilt er að breyta vægi einstakra þátta námsins, fella niður námsþætti og bæta við aðra eða bæta skyldum námsþáttum við án þess þó að draga úr heildarfjölda námsstunda enda fari breytingin ekki í bága við markmið námsins né tilgang þess.

Þessi námsskrá byggist á eftirfarandi námsþáttum:

Námsþáttur	Kst
Kynning	5
Saga og stefna fyrirtækisins	4
Vöru- og þjónustuframboð	4
Jarðfræði svæðisins	6
Meðhöndlun matvæla og hreinlæti	4
Ferðamenn í heimabyggðinni	6
Grunnnámskeið í skyndihjálpi	16
Skyndihjálpi og björgun úr vatni	8
Allsherjar leitaræfing	4
Meðhöndlun sára – þekking á innihaldi sjúkrakassa	4
Sálræn skyndihjálpi	4
Að veita afburða þjónustu	4
Listin að selja	4
Menningartengd ferðaþjónusta	4
Að taka á erfiðum viðskiptavinum	4
Samskipti og samvinna	4
Persónuleg markmiðasetning	6
Hópefli - samvinna og samkennd	8
Framkoma og ræðumennska	5
Mat á námi og námsleið	3
Samtals	107

Um námsmarkmið, námslýsingar, námsaðferðir, námsefni, rekstur og starfsemi ber að hafa í huga að öll umgjörð og framkvæmd námsins sé til að greiða fyrir námi, enn fremur að námsmennirnir hafa misjafna lífsreynslu, læra með mismunandi hætti og þurfa til þess mislangan tíma. Framsetning námsefnis, vægi og innihald námsþátta verður því að laga eins og kostur er að þörfum þeirra.

Nauðsynlegt er að forþekking námsmanna sé könnuð í upphafi námsþátta. Leiðbeinendur laga efni sitt og aðferðir sínar að þekkingu námsmanna og þörfum fullorðins fólks sem er að reyna sig í námi jafnvel eftir langt hlé.



Kynning

5 kennslustundir

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki forsendur þessa náms, kröfur sem gerðar eru til námsmanns, námsmannahópsins, leiðbeinenda og námsaðstæðna.
- kynnist hverjir öðrum.
- verði færir um að tjá væntingar sínar til námsins.

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á markmið og forsendur námsins, einnig að leiða í ljós væntingar sem námsmenn hafa til námsins. Losað er um spennu jafnframt því sem námsmenn kynnast hverjir öðrum og umsjónarmanni námsins.

Námsaðferð:

Kynning, umræður og einstaklingsvinna. Námsmenn skrifa niður markmið sín og væntingar til þess að minna sig á eftir því sem fram vindur náminu og bera saman við stöðu sína í lok náms. Námsmenn eru virkjaðir í kynningaraðferð sem losar um spennu jafnframt því að þeir kynnast.

Námsefni:

Námsskrá og dagskrá námsins.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki sögu fyrirtækisins.
- verði færir um að fylgja stefnu fyrirtækisins.
- verði færir um að fylgja því þjónustustigi sem fyrirtækið hefur sett sér.

Námslýsing:

Áhersla er lögð á grunnatriði í sögu fyrirtækisins, stöðu þess og stefnu, einnig áhersluatriði, sérkenni og sérstöðu í starfsemi og staðhættum auk þjónustustigs sem fyrirtækið hefur sett sér.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi kynnir efnið og umræður.

Námsefni:

T.d. glærur, ljósmyndir, uppdrættir, lesefni og annað stuðningsefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki vörur og þjónustu sem fyrirtækið býður upp á.
- verði færir um að mæla með vöru og þjónustu sem hentar hverju sinni.

Námslýsing:

Megináherslan er lögð á vörur og þjónustu sem fyrirtækið býður upp á með það fyrir augum að námsmenn geti mælt með þeirri vöru og þjónustu sem hentar við það tækifæri sem gefst og geri sér grein fyrir þeim metnaði sem lagður er í vörur og þjónustu fyrirtækisins.

Námsaðferð:

Sýnikennsla, verkleg kennsla, æfing í að mæla með vöru, fyrirlestrar og umræður.

Námsefni:

T.d. glærur, vörur, vörulistar, vörulýsingar og auglýsingar eða annað efni sem styður námsmarkmiðin.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki jarðfræði svæðisins.
- þekki hvernig fyrirtækið nýtir auðlindir svæðisins.

Námslýsing:

Lögð er áhersla á jarðfræði svæðisins auk þess sem áhersla er lögð á jarðfræðilegar auðlindir sem fyrirtækið nýtir og þann hátt sem það hefur á því.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi kynnir efnið, umræður og vettvangsferðir.

Námsefni:

T.d. glærur, myndir, jarðefnasýni og kort.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki mikilvægi hreinlætis í meðhöndlun matvæla.
- þekki gerlagróður í matvælum og í hvernig umhverfi hann þrífst.
- verði færir um að gæta þess hreinlætis sem þarf til að umgangast og meðhöndla matvæli þannig að öryggis neytenda sé gætt.

Námslýsing:

Lögð er áhersla á mikilvægi hreinlætis í matvælavinnslu, kröfur opinberra aðila, kaupenda og neytenda. Einnig er lögð áhersla á helstu þætti sem hafa áhrif á gerlagróður, s.s. slæma meðhöndlun, ófullnægjandi þrif, of mikinn hita o.fl. Enn fremur er lögð áhersla á framkvæmd þrifa, leiðbeint um fullnægjandi þvott og lögð áhersla á persónulegt hreinlæti.

Námsaðferð:

Fyrirlestrar og umræður. Myndbönd, dæmisögur og greiningardæmi.

Námsefni:

T.d. glærur, teikningar, ljósmyndir og annað ítarefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki gönguleiðir í nágrenni fyrirtækisins.
- verði færir um að veita ferðamönnum allar helstu upplýsingar er lúta að ferðaþjónustu í heimabyggð.

Námslýsing:

Áhersla lögð á að kynna fyrir námsmönnum helstu gönguleiðir og áhugaverða staði í nágrenni fyrirtækisins auk þjónustu sem er í boði fyrir ferðamenn í heimabyggðinni.

Námsaðferð:

Fyrirlestrar, umræður, útsýnisferð, gönguferð og heimsókn í fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Námsefni:

T.d. glærur, kort, bæklingar, auglýsingar og annað ítarefni.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki grundvallarreglur skyndihjálparmans.
- auki fræðilega og verklega færni sína í skyndihjálp.
- verði færir um að veita slösuðum og sjúkum markvissa skyndihjálp.
- kunni rétt viðbrögð við erfiðar aðstæður.
- verði færir um að viðhalda þekkingu sinni á þessu sviði.

Námslýsing:

Áhersla er lögð á aðstoð þar til hinir slösuðu eða sjúku komast undir læknishendur, einnig líkamsstarfsemi og endurlífgun, meðvitundarleysi, lost, stöðvun blæðinga og meðferð sára, beinbrot, brunaslys o.s.frv.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi kynnir efnið, umræður, hlutverkaleikur og sýnikennsla.

Námsgögn:

Bókin Skyndihjálp, gefin út af Rauða krossi Íslands.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- auki fræðilega og verklega færni sína í meðferð slasaðra og/eða sjúklinga.
- verði færir um að veita slösuðum og sjúkum markvissa skyndihjálþ.
- þekki reglur um laugarvörslu, björgun og meðhöndlun á laugarbakka.

Námslýsing:

Áhersla á laugarvörslu, samskipti við almenning, slysavarnir, björgun úr sundlaug, háls- og hryggáverka o.s.frv.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi kynnir efnið, hlutverkaleikur og verklegar æfingar.

Námsefni:

Skyndihjálþ og björgun, gefin út af Rauða krossi Íslands og reglur um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- auki samstarfsfærni sína við aðra aðila er koma að leit.
- verði færir um að leiðbeina björgunarsveit.
- auki færni sína í að sinna hlutverki sínu í leit.

Námslýsing:

Áhersla er eftir atvikum lögð á viðbragðsáætlun og leit í stöðuvötnum, ám eða laugum.

Námsaðferð:

Sviðsett leit.

Námsefni:

Neyðar- eða viðbragðsáætlun fyrirtækisins, leitarbúnaður, leitartæki og verkefni frá þeim yfirmönnum fyrirtækisins sem bera ábyrgð á neyðar- eða viðbragðsáætlun fyrirtækisins.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- verði færir um að búa um smásár, brunasár o.s.frv.
- þekki líkamleg áföll sem ekki krefjast læknishjálpar.
- þekki hjálpartæki í sjúkrakassanum.
- þekki virkni algengustu verkjalyfja.
- séu færir um að fylla út sjúkraskýrslur.

Námslýsing:

Megináherslan er lögð á notkun sjúkrakassa og kunnáttu til að búa rétt um sár og brunaáverka, einnig útfyllingu slysaskýrslna og mikilvægi þeirra.

Námsaðferð:

Hlutverkaleikur og verklegar æfingar þar sem námsmenn búa um sár.

Námsefni:

Bókin Skyndihjálp, gefin út af RKÍ og verkefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- verði færir um að veita slösuðu eða sjúku fólki og aðstandendum þeirra sálræna skyndihjálp.
- þekki sálræn áhrif á björgunarfólk.

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á sálræna aðhlyningu slasaðra, sjúkra og aðstandenda þeirra, einnig sálræn áhrif björgunarstarfa á björgunarfólk.

Námsaðferð:

Fyrirlestrar og umræða með þátttöku stjórnenda fyrirtækisins ásamt meðlimum áfallahjálparteymis.

Námsefni:

T.d. glærur og verkefni frá leiðbeinendum.



Að veita afburðapjónustu

4 kennslustundir

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- auki færni sína í að veita góða og markvissa þjónustu.
- auki færni sína í að koma vel fram og sýna viðskiptavinum gott viðmót.
- þekki viðskiptatryggð.

Námslýsing:

Mikil áhersla lögð á mikilvægi þjónustu og áhrif hennar á viðskiptatryggð, afkomu og rekstur fyrirtækja, hvað felist í afburðapjónustu, þjónustuvilja og hvernig hann birtist í daglegum störfum; einnig áhrif starfsánægju á veitta þjónustu.

Námsaðferð:

Verkefni, verklegar æfingar og fyrirlestrar. Myndbönd og dæmisögur.

Námsefni:

T.d. glærur og ítarefni frá leiðbeinanda.



Listin að selja

4 kennslustundir

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- kynnist grunnatriðum góðrar sölumennsku og þjónustu.
- verði færir um að ná betri árangri í sölumennsku.
- auki færni sína í að ná viðskiptum.
- geti tjáð sig fyrir framan hóp annarra námsmanna.

Námslýsing:

Megináhersla á framkomu, viðmót og afstöðu til viðskiptavinarins. Einnig sölumennsku, símasölu og sölufundi.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi kynnir efnið, umræður og hlutverkaleikur.

Námsefni:

T.d. glærur og ítarefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- kynnist venjum og siðum erlendra gesta sem sækja Ísland heim.
- þekki hvernig komið er fram við erlenda gesti í samræmi við væntingar þeirra, siði og venjur.
- þekki ferðavenjur valinna hópa og á hvern hátt menning viðkomandi birtist í hegðun þeirra og atferli.

Námslýsing:

Megináhersla á ferðahegðun, uppbyggingu samfélagsins, efnahagskerfin, atvinnulíf, venjur og siði, trúarbrögð, stjórnmál, landshætti og áhrifaþætti á menningu og áhugamál fólks í Bandaríkjunum, Asíu og Evrópu.

Námsaðferð:

Fyrirlestrar, spurningar, umræður og lífleg dæmi þess sem gæti gerst í fyrirtækinu.

Námsefni:

T.d. glærur og ítarefni frá leiðbeinanda.



Að taka á erfiðum viðskiptavinum

4 kennslustundir

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- auki færni sína í að fást við erfiða viðskiptavini.
- verði færir um að taka kvörtunum viðskiptavina sem tækifærum.
- verði færir um að taka athugasemdum ekki persónulega heldur sem uppbyggilegri gagnrýni.

Námslýsing:

Áhersla lögð á misjöfn viðbrögð eftir persónugerð. Einnig væntingar viðskiptavina, skilningi á því sem veldur óánægju þeirra og hvernig hægt er að gera erfiðan viðskiptavin að góðum og tryggum viðskiptavini.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi kynnir efnið og umræður. Hlutverkaleikir, myndbönd og dæmisögur.

Námsefni:

T.d. glærur og ítarefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki grundvallaratriði í samskiptum.
- þekki hvernig samskipti tengjast sjálfsmynd og framkomu.
- auki færni sína í að vinna með sterkri liðsheild.

Námslýsing:

Megináherslan er á samskipti og framkomu og hvernig sjálfsmynd einstaklingsins hefur áhrif á samskiptahætti hans, einnig grundvallarreglur samskipta, einkenni góðs vinnustaðar, fyrirtækjamenningu, boðskipti, uppbyggilegt starfsumhverfi og árangursríkt hópstarf; enn fremur sterka liðsheild sem undirstöðu árangurs og velgengni.

Námsaðferð:

Kynning leiðbeinanda, umræður, sjálfsmat og ýmsar verklegar æfingar í hópum, lausnaleikir.

Námsefni:

T.d. glærur og önnur fylgiskjöl frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- auki einbeitni sína.
- auki sjálfsöryggi sitt.
- kynnist markmiðssetningu og markvissari vinnubrögðum
- verði færari um að setja sér markmið.

Námslýsing:

Megináherslan á tilgang þess að setja sér markmið, hvernig maður setur sér markmið og hvernig forðast má helstu mistök við gerð markmiðssetningar.

Námsaðferð:

Fyrirlestrar, umræður og verklegar æfingar frá leiðbeinanda.

Námsefni:

T.d. glærur og önnur fylgiskjöl frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- kynnist mikilvægi samvinnu og samkenndar í árangri liðsheilda og liðan starfsmanna á vinnustöðum.
- auki færni sína í samvinnu sem byggist á gagnkvæmu trausti og virðingu.
- verði færir um að leggja sitt af mörkum til að auka árangur heildarinnar.

Námslýsing:

Megináhersla á að þjappa starfsfólki saman og að það læri að treysta hvert á annað, einnig mikilvægi liðsanda, samskiptahæfni, forystuhæfni, samvinnu, lausn vandamála, ákvarðanatöku, sköpunar, rökhugsunar og trausts.

Námsaðferð:

Sambland leikja, verkefna og fyrirlestra.

Námsefni:

T.d. glærur og ítarefni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- auki öryggi í framkomu og geti tekist á við kvíða.
- kynnist góðri raddbeitingu, öndun og líkamsbeitingu.
- þekki ræðustíl og styrkleika sinn.
- geti tjáð sig fyrir framan hóp námsmanna.

Námslýsing:

Áhersla á hagnýta þjálfun til að koma fram af öryggi og fyrir framan hóp af fólki og hagnýtar aðferðir til að takast á við kvíða, einnig aðferðir til að flytja texta á áhrifamikinn hátt.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi kynnir efnið, umræður, sjálfsskoðun, sýnikennsla og sjálfsefling.

Námsefni:

T.d. glærur, ítarefni og myndbönd.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- leggi mat á námið og markmið þess
- þekki ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfa sig og aðra
- leggi mat á markmið sín og framfarir sínar í náminu

Námslýsing:

Í lok námsins fara námsmenn yfir hverju námið hefur skilað hverjum einstökum og hópnum í heild. Námsmenn skoða markmið sem þeir settu sér í upphafi námsins og væntingar til þess og bera saman við stöðu sína í lok náms.

Leiðbeinendur meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið og nota símataðferðir, t.d. gátlista til að staðfesta að námsmenn hafi náð lokamarkmiðum námsleiðarinnar á viðunandi hátt svo og markmiðum námsþátta námsins.

Námsmenn leggja mat á námið, markmið námsleiðarinnar, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsstarfsins.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi stjórnar umræðum.

Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta námið Ferðapjónusta; laugar lindir og böð til styttingar á námi í framhaldsskóla til allt að 9 einingum. Meta má skólann á móti allt að 9 einingum í vali, 9 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Nám og námsþætti í Ferðapjónusta; laugar lindir og böð má til dæmis meta á móti eftirfarandi áföngum í AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA 1999:

SKY 101/102	Skyndihjálp
TJÁ 102	Tjáning og samskipti
SÁL 103	Almenn sálfræði
LKN 103	Lífsleikni

Til að meta styrkleika einstaklings er hægt að nota eitthvað af eftirtöldu:

1. Framlögð gögn um fyrra nám, t.d. staðfestingu frá leiðbeinanda í náminu Ferðapjónusta: Laugar, lindir og böð.
2. Starfsferilsskrá
3. Viðtöl við einstakling, þar með talið sjálfsmat
4. Stöðupróf

Ekki er tryggt að námsmaður geti nýtt allar einingarnar til styttingar á námi í framhaldsskóla, það fer eftir tegund náms og námsferli viðkomandi námsmanns.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002.

Hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur samkvæmt samþykktum og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

Starfsemin beinist að þeim sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla og innflytjendum.

Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.



www.frae.is, sími 599 1400